

Formannafundur HSV, 22.mars 2006

1. Ræddar lagabreytingar sem lagðar yrðu fyrir ársþing HSV
 - a. Umræður um breytingarnar urðu á þessa leið
 - i. Framkvæmdarstjóri HSV sagði frá að ÍSÍ hefði lesið yfir breytingarnar
 - ii. Fundarmenn mótmæltu ákvæði um lágmarksfjölda og lýstu yfir áhyggjum af littlu félögunum. Guðni Guðnason sagði frá bakgrunni þessa ákvæðis
 - iii. Framkvæmdarstjóri HSV lagði til að setning um lágmarksfjölda yrði felld út úr textanum og var hún samþykkt samhljóða
 - iv. Spurt var um ákvæði vegna brottvísunar félags úr HSV sem þess að ársskýrslum væri ekki skilað. Framkvæmdarstjóri skýrði frá því að hér væri verið að staðfesta samþykkt frá síðasta ársþingi HSV og væri tilgangurinn að fá heimild til að nýta fé, sem annars færu til félaga sem ekki væru með starfsemi, í annað.
2. Svæðisfulltrúi UMFÍ
 - a. Fært undir lið 4
3. Reglur um veitingu heiðursmerkja HSV
 - a. Ákveðið að framkvæmdarstjóri sendir formönnum reglur í tölvupósti nærsta dag.
 - b. Fundarstjóri lagði til að formenn kæmu uppl til síns fólks um tilnefningar til heiðursverðlaunahafa
4. G4
 - a. Framkvæmdarstjóri var með kynningu á sameiningarferlinu og bakgrunni þess. Sagði frá reynslu Keflavík af sameiningu.
 - b. Farið yfir ávinning af sameiningu
 - c. Umræður
 - i. Formaður Hendingar gagnrýndi skipulag sameiningarferils. Spurði hver reynsla littlu félaganna væri í Keflavík. Tók sérstaklega fram að hugmyndin væri góð.
 - ii. Formaður HSV svaraði og sagði frá að reynsla Keflavíkur væri ekki þekkt
 - iii. Framkvæmdarstjóri HSV lýsti hlutverki starfsmanns HSV
 - d. Formaður kynnti starf svæðisfulltrúa UMFÍ
 - i. UMFÍ vill ganga til samninga við HSV og G4 um starf verkefnisstjóra og eitt stöðugildi UMFÍ á Vestfjörðum
5. Önnur mál
 - a. Framkvæmdarstjóri greindi frá því að hann hafi óskað eftir starfslokum
 - b. Framkvæmdarstjóri sagði frá að breytingar væru fyrirhugaðar á tipleik og BÍ og KFÍ sem bæru hitan og þungan af starfinu myndu að öllu óbreyttu taka leikinn yfir og taka ávinning til þessara tveggja félaga í stað HSV. Fundur væri í hádeginu á morgun þar sem ákvörðunin væri tekin.

- c. Fundurinn þakkar Gunnari Þórðarsyni og Þorsteini fyrir gott starf við Típpleikinn.
- d. Formenn óska eftir því við framkvæmdarstjóra að hann beri skilaboð til típpnefndarfundar á morgun um ósk um áframhaldandi samstarf allra félaga í típpleiknum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 21:30
Fundargerð ritar Jón Páll Hreinsson